



---

# Fundargerð stjórnar HSI

Fimmtudaginn 15. desember 2022



## **Fimmti fundur 65. stjórnar HSÍ var haldinn í á skrifstofu HSÍ, fimmtudaginn 15. desember 2022 kl. 12.00.**

Mættir voru Arnar Þorkelsson, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Jón Viðar Stefánsson, Kristján Gaukur Kristjánsson, Kristín Þórðardóttir, Páll Þórólfsson, og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Alfreyð Örn Finnsson, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir, Inga Lilja Lárusdóttir og Ragnar Lárus Kristjánsson.

Fjarverandi: Engin

### **Þetta gerðist:**

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar  
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. 10 mánaða uppgjör  
AP kynnti 10 mánaða uppgjör sambandsins og er reksturinn í jafnvægi og útlit fyrir hagnað af rekstri á árinu.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra og formanns
  - a. HM í Svíþjóð  
Miðasala fyrir mótið gengur frábærlega. Ícelandair er búið að setja upp 3 leiguflugvélar og gengur salan frábærlega. Nýjar treyjur koma í sölu á morgun föstudag.
  - b. Staða styrktaraðila  
RG kynnti stöðu styrktaraðila. Nýr samningur var gerður við Lengjuna og KFC í vikunni og viðræður eru í gangi við stóran styrktaraðila. Eins eru einnig viðræður í gangi vegna smærri samninga. Illa gengur að selja bikarkeppnina.
4. Höfuðhlífar  
Erindi barst frá Haukum um að leyfa höfuðhlífar fyrir markmenn. Þessar hlífar eru leyfðar í Danmörku og rannsóknir til sem sýna fram á að þetta geri gagn. Stjórn HSÍ samþykkir beiðnina og fær dómara nefnd það hlutverk að útfæra reglurnar.
5. Fjármál félaga  
RG fór yfir stöðu fjármála félaga. Mörg félög standa illa. Ákveðið var að RG myndi taka samtal við öll félög strax eftir helgi. Verði vanskil um áramót fer formlegt bréf á félög í vanskilum þar sem tilkynnt verður félagaskiptabann og félagi gefið tækifæri til 1. febrúar að öðrum kosti verði bætt þeim úrræðum sem eru tiltæk í reglum HSÍ  
Jafnframt var erindi KA/Þór varðandi greiðslur til dómara í úrslitakeppni tekið fyrir og var því hafnað vegna jafnræðissjónarmiða. RG semur svar.
6. Handknattleikskona og maður ársins  
Stjórn HSÍ ræddi handknattleikskonu og mann ársins 2022. Ákveðið var að útnefna Ómar Inga Magnússon og Söndru Erlingsdóttir.
7. Önnur mál
  - RG mun fylgja eftir auglýsaefni vegna dómaraátaks en nýjar reglur um bekkjarstjórnun verða kynntar á janúarfundi dómara og munu þá taka gildi.
  - Samfélagsmiðlamaður á HM – RG útfærir



Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari